

## Stjórnarfundur TSÍ 06.02.07

Mættir: Skjöldur, Raj, Jónas, Hafsteinn, Ingólfur og Gunnar

Styrkir og landsliðsmál. Arnar fékk 300.000 kr.- í styrk frá Afrekssjóði ÍSÍ, Sandra Dís 50.000 kr.- frá Afrekssjóði ungra og efnilegra og einnig Birkir. Raj fjallaði um jólamótin og val í landsliðum fyrir næstu verkefni. Val í landslið karla á Davis Cup var staðfest en það eru þeir Arnar, Andri, Raj og Magnús sem fara. Teitur er næstur inn en síðan Birkir og þá Eiríkur. Þær Írís, Mía, Sandra Dís og Rebekka voru nefndar til sögunnar varðandi Fed Cup.

Landsliðsæfingar eru að hefjast á fimmtudagsmorgnum og vonandi á laugardögum í framhaldinu. Raj mun sjá um karlana og Mía um konurnar. Skjöldur lagði til að þau Raj og Mía myndu vinna að þessum málum í sameiningu.

Skjöldur vill láta búa til heiðursmerki TSÍ sem afhent verður Önnu sem viðurkenningu fyrir farsæl störf Jóns Gunnarsson, fyrstum af öllum. Nefnt var að það verði gert á ársþingi sambandsins í vor. Skoða einnig barmmerki sem gefa mætti við valin tækifæri og jafnvel fána sambandssins. Ekki var tekin endanleg afstaða um þau mál.

Evrópuþing verður haldið í Kaupmannahöfn 27.-30. mars næstkomandi. Raj lýsti áhuga á því að fara og einnig Skjöldur og Gunnar. Gunnar lagði til að Raj fari en hann á brýnt erindi. Hann vill leggja sérstaka áherslu á að samstarf Norðurlandanna hefjist sem allra fyrst varðindi þróun og uppbyggingu á tennis. Það sé afar brýnt mál sem dregist hafi allt of lengi.

Rætt var það að ráða starfsmann til TSÍ. Einnig sá styrkur sem fyrirhugað er að fari í að fjármagna það. Rædd var skýrsla sem Jónas gerði um málið og hann beðinn um að kynna hana aftur. Ekki var tekin afstaða um málið en Hafsteinn lagði til að sér fundur yrði haldinn um það. Tóku menn vil í það.

Menn telja eð heppilegt sé að halda Ársþing TSÍ í byrjun apríl. Skjöldur ætlar að skoða það mál.

Ræddar voru ferðir afrekssfélks í tennis til útlanda. Raj sagði að fólk þyrfti að fara mun oftar út ef viðunandi árangur á að nást. Einnig að meiri samskipti við hin Norðurlöndin séu nauðsynleg. Bæði séu þau nær okkur en önnur lönd og tengslin ættu að vera meiri. Raj ætlar að huga að þessum málum og skoða hvaða kostir eru í boði.

Rædd var sú tilhneyging aðstandenda tennisfélks að aðstoða það í tenniskeppnum. Slíkt á að vera bannað og áréttað var að svo skuli vera áfram. Þeir sem koma að stjórnun tennismóta mega gjarnan koma því á framfæri.

Staðfest var að Ingólfur hefur þegar tekið sæti Jóns Gunnars í stjórn TSÍ

Ingólfur spurðist fyrir um stöðu mála varðandi heimasíðu TSÍ og sagði Raj málið vera í vinnslu og stýttist í næstu skref.

Skjöldur mun boða næsta fund eigi síðar en eftir 3 vikur.

Gunnar Finnbjörnsson ritari  
07.02.08